

# Beiðni um úrskurð vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

Ábyrgðaraðili / ábyrgðaraðilar erindis: <input type="checkbox"/> Skólameistari <input checked="" type="checkbox"/> Kennari / Kennarar Stjórn kennarafélags VMA	Dagsetning tilvísunar
Nafn skóla Verkmenntaskólinn á Akureyri	Símanúmer skóla
Skólameistari Hjalti Jón Sveinsson	Netfang Hjalti@VMA.is
Kennari / Kennarar Stjórn kennarafélags VMA	Netfang XXXX
Áfangaheiti og áfangalýsing (vefslóð) Símatáfangar í VMA.	
<p>Ágreiningsefni.</p> <p>Kennarafélag VMA óskar eftir úrskurði um útreikning á vinnutíma vegna námsmats. Stjórnendur skólans hafa tekið einhliða ákvörðun um að taka út 12 tíma (fyrir 3. eininga áfanga) sem skráðir eru undir <i>prófagerð og framkvæmd lokaprófs</i> í öllum símatáföngum en bæta kennurum þennan tíma síðan með því að breyta staðinni kennslu úr 15 vikum í 17. Þó svo að heildarvinnutímamat breytist ekki af þessum sökum þá er hér gengið gegn ákvæðum kjarasamnings og skýrslu verkefnisstjórnar að mati fulltrúa kennara. Við teljum rétt að skrá þessa tíma undir liðnum verkefni og prófagerð á kennslutíma og förum hér með fram á úrskurð vinnumatsnefnda um þetta efni.</p> <p>Máli okkar til stuðnings vísuð við í kjarasamning Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og Kennarasambands Íslands frá 4.4.2014 og skýrslu verkefnisstjórnar þar sem á blaðsíðu 7 og 8 er tekið skýrt fram hvernig meðhöndla eigi vinnumatsútreikning vegna námsmats.</p> <p>Úr skýrslu verkefnastjórnar</p> <p><b>Ýmsir vinnuþættir</b></p> <p>Verkefnisstjórn telur æskilegt að vinnumat sé hlutlaust gagnvart námsmatsaðferðum. Því er mælt með að heildartími í vinnuþáttunum <i>Verkefni og prófagerð á kennslutíma</i> og <i>Prófagerð og framkvæmd lokaprófs</i> sé hinn sami í sambærilegum áföngum óháð því hvaða matsaðferðum er beitt.</p> <p>Á sama hátt skal í sýnidæmunum skoða vinnuþættina <i>Námsmat, yfirferð prófa og verkefna</i> og <i>Frágangur námsmats, yfirferð lokaprófs</i> í samhengi, þ.e. að samtala þessara reita sé sú sama óháð námsmatsfyrirkomulagi.</p>	
<b>Sent á formann vinnumatsnefndar</b> <input checked="" type="checkbox"/> Starfsnám 1: Helga Jóhanna Baldursdóttir <a href="mailto:helgajo@idnskolinn.is">helgajo@idnskolinn.is</a> <input checked="" type="checkbox"/> Starfsnám 2 og listgreinar: Gréta Mjöll Bjarnadóttir <a href="mailto:greta@fa.is">greta@fa.is</a> <input checked="" type="checkbox"/> Félagsgreinar / Íþróttir / Starfsbrautir: Lára Stefánsdóttir <a href="mailto:lara@mtr.is">lara@mtr.is</a> <input checked="" type="checkbox"/> Tungumál / Íslenska: Halldóra Sigurðardóttir <a href="mailto:hals@mh.is">hals@mh.is</a> <input checked="" type="checkbox"/> Raungreinar / Stærðfræði: Lárus H. Bjarnason <a href="mailto:larushb@mh.is">larushb@mh.is</a>	<b>Fylgigögn</b> <input type="checkbox"/> Vinnumat kennara <input type="checkbox"/> Vinnumat skólameistara <input type="checkbox"/> Önnur gögn:

Vinnumatsnefndir áskilja sér rétt til að kanna sjónarmið um vinnumat áfangans hjá aðilum málsins og kalla eftir frekari gögnum.

# Úrskurður vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

Vinnumatsnefnd	Málsnúmer
Vinnumatsnefnd raungreina og stærðfræði	20155
Nafn skóla	Áfangageiti
Verkmenntaskólinn á Akureyri	Símatsáfangar
Dagsetning sem málið barst	Dagsetning úrskurðar
20 október 2015	24. október 2015
Niðurstaða vinnumatsnefndar	
<p>Vinnumatsnefnd raungreina og stærðfræði hefur fundað um erindi skólans. Niðurstaða nefndar er að erindið sé ekki innan verksviðs vinnumatsnefndar og er því ekki úrskurðarhæft. Varðandi mögulega ráðgjöf og aðstoð bendir nefndin á að erindi af þessu tagi tilheyri fremur verksviði verkefnisstjórnar en einstakra vinnumatsnefnda.</p>	
<p>F.h. vinnumatsnefndar raungreina og stærðfræði, Lárus H. Bjarnason</p>	
Framvinda máls:	
<input type="checkbox"/> Mál afgreitt	
<input type="checkbox"/> Máli vísað til úrskurðarnefndar	

